

10. fundur samstarfsnefndar Helgafellssveitar og Stykkishólmsbæjar

Haldinn þann 22. febrúar kl. 17:00 í gegnum fjarfundarkerfið Zoom.

Fundinn sátu:

- Guðlaug Sigurðardóttir, Helgafellssveit
- Guðrún Reynisdóttir, Helgafellssveit
- Guðmundur H. Hjartarson
- Haukur Garðarsson, Stykkishólmsbæ
- Hrafnhildur Hallvarðsdóttir, Stykkishólmsbæ
- Jakob Björgvin Jakobsson, Stykkishólmsbæ
- Karín Rut Bæringsdóttir, Helgafellssveit
- Lárus Ástmar Hannesson, Stykkishólmsbæ
- Sif Matthíasdóttir, Helgafellssveit
- Steinunn Ingibjörg Magnúsdóttir, Stykkishólmsbæ
- Róbert Ragnarsson sem ritaði fundargerð.

1. Hagsmunamál gagnvart ríkinu, framhald umræðu

Framhald frá síðasta fundi.

Jakob gerði grein fyrir tilraunum til að fá fundi með ráðherrum til að ræða um helstu hagsmunamál sem rædd hafa verið í nefndinni. Helstu áhersluatriði verði eftirfarandi:

- Þekkingar- og rannsóknarsetur við Breiðafjörð
- Samgöngumál
 - Skógarstrandarvegur
 - Breiðafjarðarferjan Baldur
 - Slitlag á héraðs- og tengivegi í Helgafellssveit
- Heilbrigðismál
 - Bakdeildin í Stykkishólmi
 - Fjarheilbrigðisþjónusta

2. Drög að minnisblöðum

Róbert fór yfir drög að minnisblöðum að teknu tilliti til ábendinga nefndarfólks frá síðasta fundi. Gerðar voru breytingar á fundinum og Róberti falið að útbúa skjölin til birtinga.

Ákveðið að birta minnisblöðin á vefsíðunni helgafellssveit.is íbúum til upplýsingar. Minnisblöðin mynda grunn að kynningarefni sem dreift verður í aðdraganda kosninganna.

3. Kynningaráætlun

Róbert kynnti verk- og kostnaðaráætlun frá Anok margmiðlun. Samstarfsnefnd samþykkir tillögu og tilboð Anok margmiðlunar.

Ákveðið að:

- kynningarbæklingi verði dreift í vikunni 7.-10. mars
- dreifing kynningarmyndbanda hefjist í fyrstu viku mars og standi yfir til kjördags
- íbúafundur fari fram 14. mars kl. 17.30 í Stykkishólmi og kl. 20:00 í Helgafellssveit

4. Næsti fundur

Næsti fundur nefndarinnar verður 3. mars kl. 17. Þá verði drög að kynningarbæklingi fyrirbyggjandi.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 18:50.